Makrílfundur

Landssambands smábátaeigenda og Steingríms J. Sigfússonar
atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

14. febrúar 2013

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Makrílályktun aðalfundar LS 2012

Makrílveiðar

Aðalfundur Landssamband smábátaeigenda ályktar að makrílpottur fyrir smábáta þ.e. báta undir 15 brt. verði aukinn í 18% af heildarafla í makríl, þ.e. að lágmarki 20.000 tonn í svipaðri fyrirmynd og þekkist erlendis, t.d. í Noregi.

22.173 tonn

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Makrílályktun aðalfundar LS 2012

Greinargerð.

a. Makrílveiðar á handfæri hafa verið stundaðar í nokkur ár. Þeir bátar sem stunduðu þessar veiðar á sl. fiskveiðiári gerðu það með mjög góðum árangri. Ljóst er að mjög hagkvæmt er að veiða makríl á handfæri miðað við önnur veiðarfæri. Mikill áhugi er fyrir þessum veiðum og mjög margir hafa hug á þeim á næsta ári. Samtímis því sem kaupendum sem hafa áhuga vegna gæða hans fer ört fjölgandi, mun úthlutun eins og hún hefur verið, engan veginn fullnægja þeirri þörf sem er fyrir þennan bátaflokk.

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Makrílályktun aðalfundar LS 2012

b. Helstu rök fyrir auknum veiðiheimildum til smábáta í makríl eru:

- Veiðarnar eru umhverfisvænar
- Þær skila hágæða hráefni
- Þær eru mannaflsfrekar - atvinnuskapandi
- Þær afla mikillar þekkingar um göngur makríls á grunnslóð
- Makríll étur mikið af seiðum svo sem grásleppu-, þorsk- og ýsuseiðum, sandsíli, rauðátu, ljósátu og smásíld. Og ekki má gleyma laxaseiðum.

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Makrílveiðar smábáta - færaveiðar

	2010	2011	2012
Fjöldi á veiðum	11 bátar	21 bátur	17 bátar
Áætlaður afli	3.000 tonn	2.000 tonn	1.099 tonn
Afli	180 tonn	304 tonn	1.099 tonn
Afli < 1 tonn	7 bátar	9 bátar	0 bátar
Meðaltals afli	16,3 tonn	14,5 tonn	64,7 tonn

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Makríll: *Færaveiðar smábáta - staða*

Undanfarin ár hefur þróun veiða á makríl með færum gengið vel. Tæknin til veiða og meðhöndlun hráefnisins tekist afar vel og er nú svo komið að veiðar árið 2012 urðu að arðbærum atvinnuveiðum. Ljóst er að bæði bátar og vinnsluaðilar hafa náð góðum tökum á meðhöndlun hráefnisins og veiðigeta bátanna hefur aukist hratt undanliðin ár. Því er svo komið að fyrirséð er að þær heimildir sem hafa verið skammtaðar til færaveiða verða takmarkandi fyrir framþróun veiða árið 2013.

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Makríll: *Færaveiðar smábáta – verðmæt og vönduð afurð*

- Makríll sem veiðist við færaveiðar dagróðrabáta er verðmeiri en hjá magnveiðiskipum með troll
  - er stærri
  - kemur ókraminn að landi
  - Makrílnum blæðir eftir að hafa farið í gegnum slítara og er því betra hráefni
  - er betri til flökunar
  - fer ekki í gegnum dælur

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Makríll: *Færaveiðar smábáta – umhverfisvæn og hagkvæm*

- Olíueyðsla
  - kyrrstæðar veiðar
  - stutt sigling á miðin
  - olíukostnaður 2012 um 1% af aflaverðmæti

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Makríll: *Færaveiðar smábáta – umhverfisvæn og hagkvæm*

- Vistvæn veiðarfæri
  - enginn meðafli við veiðar
  - veiðarnar raska ekki lífríkinu
  - veiðarnar splundra ekki veiðitorfum
  - skaðsemi veiðafæra er ekkert

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Makríll: *Færaveiðar smábáta – umhverfisvæn og hagkvæm*

- Samfélagsleg áhrif og fjölbreyttari útgerðaflóra
  - aukin atvinna
  - veiðarnar skapa líf í höfnum landsins
  - til verður fjöldi smáfyrirtækja
  - fjölbreytni í útgerð
  - efling hinna dreifðu byggða
  - trygg nýting miða næst landi

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Makríll: *Færaveiðar smábáta – umhverfisvæn og hagkvæm*

- Visindalegt gildi
  - afla upplýsinga um:
    - magn á grunnslóð
    - göngumynstur
    - fæðu

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Makríll: *Færaveiðar smábáta eru enn á tilraunastigi*

- Tilraunaveiðar
  - Makríllinn gekk síðar á veiðislóð smábáta
  - Vinnsluaðilar komu í veg fyrir þróun veiða
  - Nýir vinnsluaðilar hafa hafið vinnslu á færaveiddum makríl
  - Er nýjung í veiðum smábáta

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Makrílveiðar smábáta – færaveiðar áætluð þátttaka 2013 og 2014

	2013	2014
Fjöldi á veiðum	125 bátar	250 bátar
Áætlaður afli	10.000 tonn	20.000 tonn
Afli	10.000 tonn	20.000 tonn
Meðaltals afli	80 tonn	80 tonn

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Makríll: *Færaveiðar smábáta*

Makríls varð fyrst vart innan lögsögunnar í einhverju magni árið árið 2007 og þá aðallega sem meðafli við síldveiðar suður og austur af landinu.

Árið 2008 veiddi uppsjávarflotinn u.þ.b. 112 þúsund tonn, og hefur veiðin síðan haldist svipuð, vegna opinberra takmarkana.

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Makríll: *Færaveiðar smábáta*

Í raun má segja að árið 2012 sé það fyrsta sem smábátaflotinn sýndi í verki að hann getur tekið marktækan þátt í þessum nýja veiðiskap.

LS spáði því fyrir, af ýmsum ástæðum að það myndi taka félagsmenn nokkur ár, trúlega 3-4, að ná tökum á makrílveiðunum. Þetta hefur gengið eftir.

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Makríll: *Færaveiðar smábáta*

Það er eindregin skoðun LS að um hreint og klárt sanngirnismál sé að ræða að smábátaflotinn fái sambærilegt tækifæri á við uppsjávarflotann til að mynda sér eðlilega hlutdeild í makrílveiðunum. Það getur ekki talist eðlileg afgreiðsla málsins að þeir einir fái heimildirnar sem veiða yst í lögsögunni, þegar ljóst er að með tímanum er tegundin að nema land inni á flóum og fjörðum, veiðisvæðum smábáta- og strandveiðiflotans.

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda